

Skipulagstillagan hefur fengið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. Sandgerðisbæjar, 16. september 2005.*

**Guðfinnur G. Þórðarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, Brúarland og Jódísarstaðir.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. september 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, frá 14. október 2002.

Breytingin felst í því að hámarksfjöldi húsa á íbúðarsvæðum í landi Brúarlands breytist úr 15 í 17 hús og 10 ha svæði vestan Eyjafjarðarbrautar eystri í landi Jódísarstaða verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. september 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Álftanesi.

*Miðsvæðisreitur, Kirkjubrú.*

Bæjarstjórn Álftaness samþykkti þann 25. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi við miðsvæðisreit, Kirkjubrú á Álftanesi.

Breytingin felur í sér að 14 íbúðarhúsalóðum og 2 raðhúsalóðum er breytt í 13 einbýlis-húsalóðir, 8 raðhúsalóðir (16 íbúðir) og 2 raðhúsalóðir (6 íbúðir).

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Álftanesi, 15. september 2005.*

**Guðmundur G. Gunnarsson** bæjarstjóri.